

Starfsáætlun Kirkjubóls skólaárið 2015 – 2016

Nýbreytni í starfinu:

1. Áherslur leikskólans eru sköpun, lífsleikni og umhverfi og nú höfum við ákveðið að gera þessar áherslur sýnilegri og árlega verður meiri áhersla á eina þeirra. Þetta árið verður áherslan á sköpun og endurspeglast það í starfinu og tengist listahátíð barna og ungmenna í Garðabæ sem verður í lok apríl á næsta ári.
2. Þátttaka í Erasmus+ verkefni sem ber heitið „This is me under construction“ eða „Hér er ég“ sem er samstarfsverkefni á milli fimm leikskóla í fjórum löndum, Noregi, Svíþjóð, Belgíu og Íslandi á árunum 2015 – 2017 og tengist fjölgreindakenningu Howard Gardners. Verkefninu er ætlað að þróa gerð ferilmöppu um nám og þroska barna. Gagnkvæmar heimsóknir verða á milli landanna, fræðsla um skráningar, umræður, verkefnavinna og heimsóknir í leikskóla.

Áherslur í starfinu:

1. Fjölgreindir – markvissari tenging starfsins við fjölgreindir, verkefni samræmd á milli eldri deilda þar sem hver greind fær sinn mánuð. Hópavinna verður markvissari.
2. Áframhaldandi vinna með vináttuverkefnið og það fest í sessi
3. Styrking starfsmannahópsins í heild
4. Þátttaka í listadögum barna og ungmenna í Garðabæ
5. Áhersla á læsi í tengslum við þjóðarsáttmála um læsi

Leiðir í starfinu

1. Unnið hefur verið út frá fjölgreindum Gardners síðustu ár. Í vetur verður starfið endurskipulagt og sett meira vægi á hverja greind, verkefni verða færð til og betur dregið fram það sem við erum að gera og betur haldið utan um. Hluti af þessu er til að geta betur sagt frá starfinu og að mæta þar með óskum foreldra um meiri upplýsingar um starfið.
2. Vináttuverkefnið mæltist vel fyrir á síðasta ári og er ætlunin að vinna með það áfram og festa í sessi.
3. Styrking starfsmannahópsins sem heildar fer fram með umræðum um vinnustaðinn, vinnustaðamenningu, fyrirlesturs um orkustjórnun og hópefli á starfsmannafundum. Bæta þarf upplýsingaflæði innan skólans og hafa það markvissara, vera með reglulega deildarstjórafundum og auknar umræður um starfshætti þvert á deildar. Samstarf, samstaða, samvinna og sátt verða áherslur okkar í starfsmannahópnum í vetur.
4. Einn fulltrúi úr starfsmannahópnum verður í listadaganefnd bæjarins. Þema daganna verða Vorvindar glaðir og munum við leggja áherslu á sköpun í myndlist, tónlist, dansi og frásögn.

5. Garðabær er þátttakandi í þjóðarsáttmála um læsi. Deildarstjórar leikskóla í Garðabæ fá í vetur tækifæri til að taka þátt í örnámskeiðum er varða læsi leikskólabarna og verða þau námskeið í hverjum mánuði. Staðinn verður vörður um sögustundir í leikskólanum dag hvern og unnið með lesmál á deildum. Börnin fara reglulega í ferðir á bókasafn Garðabæjar og bækur eru ávallt í boði sem leikefni á hverri deild eins og ávallt.